

Ársfundur Nýlistasafnsins 2013

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 28. júní 2012 – 24. maí 2013

Innri starfsemi:

Fastir starfsmenn á tímabilinu:

Gunnhildur Hauksdóttir (safnstjóri, 80% starfshlutfall)

Gunnðís Ýr Finnbogadóttir (framkvæmdastjóri, 60% starfshlutfall)

Gunnðís Ýr tók tímabundið við starfi safnstjóra í einn mánuð í mars á meðan Gunnhildur fór í eins mánaða leyfi.

Karina Hanney Marrero listfræðingur tók við af Ingunni Fjólu Ingbórsdóttur sem safneignarfulltrúi. Karina er í 100% stöðu. Hún starfar við umsjón safneignar og að skráningu hennar í Sarp 0.3.

Starfsmenn í sérstökum verkefnum:

Unnar Örn Jónasson Auðarson, Auður Aðalsteinsdóttir, Ármann Agnarsson og Dan Meththananda, Ármann Agnarsson og Þorleifur Gunnar Gíslason unnu ásamt aðilum úr stjórn að útgáfunum *Catalouge Raisonné* og *Archive on the Run* sem heyra undir verkefnið *Uppspretta*.

Ármann Agnarsson og Högni Valsson hanna sem fyrir allt efni fyrir safnið og hafa umsjón með útliti þess sem safnið sendir frá sér.

Tilfallandi prófarkalestrar og þýðingar voru auk þess unnar af ýmsum aðilum.

Stjórnarliðar hafa einnig unnið mikið sjálfbodað starf í uppsetningum sýninga og tilfallandi störfum sem endranær.

Jeannette Castioni er eins og áður lausráðin sem forvörður Nýlistasafnsins en Rannver H. Hannesson kom einnig að fyrirbyggjandi forvörslu og umpökkun bókkverka á tímabilinu með aðstoð Safnaráðs.

Lærlingar:

Lara Tzeo vann við uppsetningu og prentun á *Catalouge Raisonné*, aðstoðaði við undirbúningu skráningar í Sarp 0.3 og sá um að vatnsmerkja ljósmyndir af verkum í safneign.

Alana Lorenzon vann við skráningu undir leiðsögn Karinu ásamt því að hjálpa til við uppsetningu á sýningu Grétars Reynissonar.

Stephanie Bokenföhr vann við skipulagninu veggspjaldsafns Nýló, auk þess sem hún kom að aðstoð uppsetningu við sýninguna *Áratugur*, sýningu Grétars Reynissonar. Hún vann við uppsetningu *6. bindið*, sýningar Katrínar Ingu Jónsdóttur. Prófarkalas og braut um ritið sem gefið var út í tengslum við sýninguna.

Félagsmenn eru nú 322 talsins, 4 gengu í félagið frá síðasta aðalfundi.

Skipulagsskrá: Við gerð breytinga á Skipulagsskrá Nýlistasafnsins vegna gildistöku nýrra Safnalaga þann 01.01.2013 og staðfestingu á henni hjá sýslumanninum á Sauðárkróki, sem fer með skipulagsskrár í umboði Innanríkisráðuneytisins, kom í ljós að skilgreiningar gagnvart lögum

á sjálfseignarstofnunum hafa tekið breytingum í árunna rás og afmarkast eða skýrst þannig að ekki er lengur löglegt að hafa sjálfstæð félög innan sjálfseignarstofnana, eins og t.d. Félag Nýlistasafnsins.

Þetta kom í ljós vegna þess að við grúskuðum í því hvernig ætti að fá skipulagsskrá staðfesta hjá sýslumanni og birta í stjórnartíðindum eftir að aðalfundur samþykkti hana. Síðasta skipulagsskrá sem staðfest var og birt er sú upprunalega og því hefur ekki reynt á skrána gagnvart lögum síðan 1978. (*Breytingar hafa verið gerðar og samþykktar á ársfundum árin 1986, 1990, 1992, 1994, 1995, 1996, 2005, 2007, 2010 og 2013. En aldrei birtar og staðfestar hvorki af þáverandi Dóms- og kirkjumálaráðuneyti né af sýslumanni Sauðárkróks*).

Þetta þýðir að sjálfseignarstofnunin Nýlistasafnið er í reynd ótengd félagasamtökum skv. lögum. Félag Nýlistasafnsins er hvergi til á skrá og þarf því að stofna, eða endurstofna til þess sérstaklega og veita því formlega umboð til að íhlutast með lög og kjósa í stjórnir sjálfseignarstofnunarinnar eins og hefð er fyrir.

Vegna þessa er tekin af dagskrá 6. dagskrárliður þessa fundar um skipulagsskrá. Það er í forgangi að fá skipulagsskrá sjálfseignastofnunarinnar samþykkt og birta skv. lögum um skipulagsskrár sjálfseignastofnanna og nýrra safnalaga í því skyni að hljóta viðurkenningu sem safn fyrir lögum og fyrir safnaráði. Lögmenn hjá Rétti, lögmannsstofu Ragnars Aðalsteinssonar og Björn Ingi lögmaður sem vinnur hjá sýslumanni munu áfram veita okkur ráð.

Útgefið efni: Innanhússritið *Catalogue Raisonné* leit dagsins ljós á tímabilinu, það inniheldur myndir og upplýsingar um öll verk í safneign. Um er að ræða 19. binda uppflettirit með myndum og grunnupplýsingum um safneign Nýlistasafnsins. Ritið er þannig uppsett að það er hægt að færa inn leiðréttingar á því á árs grundvelli, eftir því sem safneignin vex og leiðréttingar berast um einstök verk. Einnig verður gefið út rit á ensku sem ber titilinn *Archive on the Run* sem inniheldur vangaveltur um Nýlistasafnið og/edá sambærilegar stofnannir. Formlegur útgáfudagur þess í haust en við höldum uppá það núna. Ritið er í prentsmiðju þegar þetta er ritað, en *dummy* eru til sýnis á fundinum. Báðar þessar útgáfur og málþing sem haldið var á síðasta stjórnartímabili eru hluti af verkefninu *Uppspretta* sem var styrkt af norrænu menningargáttinni KKNord. Verkefnið hófst árið 2009 og eru verklok nú í vor. *6. Bindid* var gefið út í tengslum við samnefnda sýningu. Ritið verður gefið út í 3. hlutum á sýningartímabilinu. Fyrsti hluti er þegar komin út. Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir Hirt og Gunnhildur Hauksdóttir leiða ritstjórn.

Sarpur 0.3. Yfirfærsla skráningar úr Virtual Collection í Sarp 0.3 stendur sem hæst. Það er nú þegar búið að skrá 600 verk en þau verða um 1000 þegar starfstímabili Karinu lýkur. Ytri vefur Sarps verður opnaður almenningi í júlí á þessu ári. Þar verður hægt að nálgast upplýsingar um safneignir 50 safna á landinu, slóðinn er Safnasjóður hefur styrkt Nýló til áframhaldandi vinnu í skráningarverkefninu. Markmiðið er að sjálfsögðu að klára skráningu og ráða til þess starfsmann í stað Karinu þegar hún heldur utan til náms.

Rannsóknaraðilar, útlán og fræðsla: Starfsfólk heldur áfram að sinna útlánum eins og endranær. Töluvert er um að fólk sitji á safninu, vinni verkefni og fái aðgang að heimildasöfnum okkar, ALRR og Gjörningaarkífi. Við höfum komið upp gestaðstöðu í safninu og aðstöðum fólk eftir föngum. *Catalogue Rasonné* er liður í að þjónusta þessa aðila. Við tökum reglulega á móti hópum úr grunnskólum, menntaskólum og myndlistaskólum, hérlendum sem erlendum. Við veitum þeim leiðsagnir og tökum tíma til að spjalla við þá. Formaður stjórnar hélt fyrirlestur um Nýló fyrir Safnafræði í kúrsinum Faglegt starf safna. Þetta er í þriðja sinn sem formaður stjórnar heldur slíkan fyrirlestur.

Stjórn setti upp sýningu á lögfræðistofu Ragnars Aðalsteinssonar; *Réttur* við Klapparstíg, var þar um að ræða vinnuskipti því eins og gefur að skilja hefur Nýló ekki efni á lögfræðikostnaði í peningum talið.

Húsnæðismál: Leigusamningur safnsins og Artíma rann út 1. apríl 2013. Stjórn hefur ekki tekið ákvörðun um það hvort samstarfið haldi áfram og verður sú ákvörðun í höndum nýrrar stjórnar. Fjögurra ára leigusamningur Nýló við húsráðendur rennur út á þessu ári. Húsnæðismál Nýló eru til þess að gera ótrygg og í raun ótækt að safnið sé á almennum leigumarkaði. Nú er komið í ljós að eignarhaldsfélagið Rauðsvík hefur tekið við húsalengjunni við Skúlagötu af eignarhaldsfélaginu Vatn og Land. Rauðsvík ehf. heyrir undir Arion banka.

Samstarf: Nýló er aðili að listahátíðinni Sequences og hefur átt í miklu samstarfi við stjórn hennar. Safnið hefur átt í samstarfi við LHÍ og HÍ á tímabilinu, auk þess að hafa tekið þátt í verkefnum í samstarfi við Live Art DK, í Kaupmannahöfn, Between Miracles í Center for Contemporary Art í Tblisi í Georgíu, Nordic Focus I á listahátíð í Kaupmannahöfn og Nordic Focus II í Malmö. Nýló átti í samstarfi við hollenska sýningarstjórnann Henk Slager, sem leit dagsins ljós á þessu tímabili með sýningu og málþingi í LHÍ, og smiðju fyrir M.A. nema í LHÍ. Ýmis verkefni hafa haft aðgang að safninu til skrafs og ráðagerða má þar nefna Undir berum himni, Nýlókórinn og Artíma.

Gjafir: Töluvert hefur borist af gjöfum til safnsins á tímabilinu, þ.á m. frá Jan Kaila (FI) og Clodagh Emo (IR). Stjórn mun taka formlega afstöðu til allra gjafa fyrir áramót og senda frá sér fréttir því tengdu ásamt áramótakveðju eins og gert hefur verið sl. tvö ár.

Fjármál: Af fjármálum eru bæði góðar fréttir og slæmar. Góðu fréttirnar eru þær að safnið hlaut samstarfssamning til þriggja ára bæði við ríki og borg. Framlag Reykjavíkurborgar til safnsins lækkaði þó en framlag frá ríki hélst hið sama. Samstarfssamningur var okkur töluvert baráttumál vegna þess að stjórn og starfsfólk eyddi dýrmætum tíma í þessar árlegu umsóknir. Nú er hægt að eyða sama tíma á þessu ári og næstu tveim í að finna aukið fjármagn annars staðar frá. Safnið hlaut auk þess stuðning frá Safnasjóði til þess að geta haft tímabundið áfram starfsmann í safneign. Félagsmennirnir G.era, Rebekka Sívía Ragnarsdóttir og Ingunn Fjöla Ingbórsdóttir buðu sig fram á síðasta ársfundi til að aðstoða stjórn við að leiðrétta fjárhagshalla sem myndast hafði í flutningunum 2009/2010. Í framhaldi var pantaður fundur hjá aðstoðarmanni Mennta- og menningamálaráðherra. Þær lögðu á sig umtalsverða sjálfböðavinnu fyrir safnið og veittu ómetnalega hjálp við undirbúning fundarins. Í framhaldi fundar, sem var markviss og góður, var sótt til ráðuneytisins um stofnstyrk vegna flutninga, safnið hlaut þann styrk. Stjórn vill nota þetta tækifæri til að þakka þeim kærlega fyrir hjálpinu.

Hitt er það að safnið stendur ekki sterkum fótum fjárhagslega. Það er svo sem ekkert nýtt. Ný stjórn mun þurfa á hugvitsemi að halda til að fjármagna dagskrágerð safnsins ella getur hún átt á hættu að þurfa að draga mjög úr sýningardagskrá, þjónustu og aðstoð við listamenn sem sýna innan safnsins. Helst ber að nefna að það reynist sérstaklega snúið að fjármagna innlenda dagskrágerð. Auk þess skortir fjármagn til að hækka starfshlutfall starfsmanna sem vinna langt umfram vinnuskyldu sem endranær. Þá skortir fjármagn til að geta greitt starfsmanni safneignar laun til frambúðar. Safnaráð hefur nú stutt safnið aftur á þessu ári til að ráða starfsmann tímabundið og klára ákveðin verkefni í safneign. Nú má þó ljóst vera að Nýlistasafnið þarf starfsmann til frambúðar til að hafa umsjón með safneign. Viðurkenning frá safnaráði er mikilvæg í þessu samhengi vegna aðgengi að styrkjum úr safnasjóði. Að lokum má má einnig gera ráð fyrir því að leigan hækki í haust.

Framkvæmdarstjóri, Gunnús Ýr Finnbogadóttir mun kynna ársreikninga og fjárhagsáætlun hér á eftir.

Ytri starfsemi safnsins á tímabilinu – sýningar og viðburðir opnir almenningi

Volumes for Sound sýning bandaríska tvíeykisins Dubbin og Davidsson stóð yfir þegar síðasti Aðalfundur átti sér stað

Geirprúður Finnbogadóttir kynnti bókverkið **Mindgames** 11. júlí.

Samtal um Tímalínu í Listasafni Íslands átti sér stað 25. Ágúst, Nýló og Listasafn Íslands stóðu fyrir opnu samtali um frumkvæði listamanna í reykvísku listalífi frá árinum 1962 til 2012. Gunnhildur Hauksdóttir, Unnar Örn Auðarsson, Sigríður Melrós og Karina Hanney Marrero tóku til máls en sú síðast nefnda vann markvisst að því að safna upplýsingum í ARLLR og byggja upp tímalínu sem stjórn lét gera í Listasafni Íslands á meðan á Listahátíð 2012 stóð. Samtalið markaði endalok sýningarinnar sem Nýló setti upp í LÍ á Listahátíð.

Viðkvæmur Farangur II Níels Hafsteinn opnaði einkasýningu 28. september á síðasta ári.

24. & 26. ágúst 2012 stóðu Jón Atli Jónasson, Jón Páll Eyjólfsson, Aude Busson og Bryndís Björgvinsdóttir fyrir frumsýningu verksins **Mindgroup** á í safninu. Verkið var hluti af LÓKAL – alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík.

SKÁLAR – 25. ágúst voru haldnir tónleikar og kynning á hljóðlist á vegum Skála, Miðstöðvar fyrir hljóðlist og tilraunakennda tónlist

Listahátíð í Kaupmannahöfn **Nordic Focus I** þann 1. september. Gunnhildur Hauksdóttir hélt tölu og tók þátt í samtali og sem seinna er gefið út á bók á vegum Den Frie, í Kaupmannahöfn. Samtalið snérist um Listamannarekin sýningarrými en áhersla var á frumkvæði listamanna og samstarf listamanna á listahátíð í Kaupmannahöfn á síðasta ári.

Sýning tvíeykisins Angeli Novi, **Þú getur ekki staðið í vegi fyrir framförum** opnaði 29. september og lauk 2. desember. Umræður og leiðsögn fóru fram á meðan á sýningu stóð. Angeli Novi eru Steinunn Gunnlaugstóttir og Ólafur Páll Sigðurðsson.

Gjörningadagsrák sem bar titilinn **Sounds for Soloists** átti sér stað þann 11. september í sýningastjórn Solveij Helweg Ovesen. Sounds for Soloists ferðaðist frá Grim Museum í Berlín til okkar og fór þaðan til Signal í Malmö. Listamennirnir sem komu fram í Nýló voru Anders Lauge Meldgraad, Ingi Garðar Erlendsson, a rawlings og Cia Rinne.

Þann 14. nóvember tók Gunnhildur Hauksdóttir þátt í samtali fyrir hönd Nýló í Nikolaj kirkju í Kaupmannahöfn á vegum **Nordiske Samtalekukkener** í samstarfi við Live Art DK um Gjörningaarkíf safnsins og gjörningatengd verkefni.

Orðið – tólf nemendur frá LHÍ opnuðu þann 6. desember sýningu sem stóð yfir eina helgi. Nemendurnir voru Grétar Mar Sigurðsson, Indriði Arnar Ingólfsson, Andreas Jari Juhani Toriseva, Helena Aðalsteinsdóttir, Logi Leó Gunnarsson, Þröstur Valgarðsson, Arnljótur Sigurðsson, Karl Torsten, Myrra Leifsdóttir, Sigrún Hlín Sigurðardóttir, Óskar Kristinn Vignisson og Borghildur Tumadóttir. Hekla Dögg Jónsdóttir leiddi námskeiðið en Sigurður Guðjónsson, Eric Wolf, Jóni Jónsdóttir, Monika Frycova, Ragnheiður Gestsdóttir, Sara

Björnsdóttir, Cliff Eyland, Rod Summers og Gunnhildur Hauksdóttir komu einnig að kennslunni.

Fyrsta sýning á nýju ári var *Dómgreindin er Spegill* sem opnaði 19. Janúar og stóð fram í mars. Málþing í LHÍ fylgdi sýningunni daginn fyrir opnun. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir var tengiliður verkefnis. Verkefnið var stutt af Frame Visual Art Finland og Modriaan Fund. Tiong Ang, Roger Palmer, Jan Kaila, Japo Knuutila, Clodagh Emoe og Mick Wilson sýndu verk sín í sýningarstjórn Henk Slager. **Safnanótt** bar upp á sýningartímanum. Safnið var opið fram eftir og stjórn tók á móti gestum. *Catalouge Raisonné* var þá forkynnt í fyrsta sinn enda var þá prentun nýlokið.

Verkefnið **Between Miracles** sem var sett upp í CCAT í Tblisi í Georgíu samanstóð af sýningu og tveggja daga málþingi um frumkvæði listamanna og styrktarsjóði. Formaður stjórnar hélt tölu og tók þátt í umræðunum. Málþingið var haldið dagana 8. og 9. mars.

Tiong Ang heimsótti safnið aftur og 16. mars var hann með spjall um verk sitt á sýningunni *Dómgreindin er Spegill*, sem var opið almenningi. Dagana 19. - 21. mars hélt hann, ásamt kvikmyndagerðar- og myndlistamanninum **Alejandro Ramirez**, smiðju eða **workshop** í safneignargeymslunni. Þeir unnu með meistaranemum í myndlist við Listaháskóla Íslands og ýmsum aðilum sem sýndu smiðjunni áhuga.

Grétar Reynisson var heiðurslistamaður **Sequences** í ár. Opnun sýningar hans *Áratugur* þann 5. apríl var ein sú fjölsóttasta sem við munum eftir.

16. apríl stóð **Félag Listfræðinga** fyrir málfunni í safninu þar sem fulltrúar allra stjórnarmálflokka tjáðu sig um málefni myndlistar

Á kjördag 27. apríl sýndi Steinunn Gunnlaugsdóttir mynbandsverkið *Lýðræðið er pulsa* Frumsýning verksins var á kjördag fyrir fjórum árum en Steinun hyggst sýna verkið í endurskoðuðum myndum á kjördag um ókomna tíð. Að þessu sinni sýndi hún það í Nýló.

Gjörningur eftir Olgu Kisselevu, *Power Struggle* eða Valdabarátta, var fluttur 2. maí. Olga vann verkið með Silju Báru Ómarsdóttur, stjórnmálafræðingi, Stefáni Pálssyni, sagnfræðingi, Sólveigu Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Reykjavíkúakademíunnar, og Gylfa Magnússyni, dósent í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Hugbúnaður í verkinu er eftir Oleg Kisele. Gjörningurinn var í Nýló í samvinnu við Margréti Elísabetu, Lorna Lab og H.Í.

Sýningin **24 Spaces** (24 Rými) er verkefni Jacobs Fabricius fráfarandi sýningarstjóra Malmö Konsthall. Til þátttöku í verkefninu var boðið listamannareknum rýmum á Norðurlöndum, Verkefnið leitaðist við að skoða vægi þeirra í menningarumhverfi svæðisins. Nýlistasafnið sýndi verk eftir Charles Gaines (Bandaríkin, 1944), Hans Rosenström (Svíþjóð/Finnland, 1979), Deirdre M. Donoghue (Írland/Finnland, 1971) ásamt fjölmörgum bókverkum eftir félagsmenn Nýló. Verkefninu var stýrt af Gunnðísi Ýr Finnbogadóttur og Bjarka Bragasyni og voru verk eftir þau á sýningunni, sem hluti af samtali um ferli sýningarinnar.

6. bindið er sú sýning sem stendur yfir í safninu þegar þetta er ritað. Hún er einkasýning Katrínar Ingu Jónsdóttir Hjördísardóttir Hirt, unnin í samstarfi við stjórn og er Gunnhildur Hauksdóttir sýningarstjóri. Hún opnaði 18. maí en verður endurskoðuð fjórum sinnum út sýningartímabilið, henni líkur í ágúst og fylgir útgáfa í þrem hlutum. Fyrsti hluti er þegar komin út.

Fh. Stjórnar,
Gunnhildur Hauksdóttir

Skýrslu lýkur

Fráfarandi stjórn er: Gunnhildur Hauksdóttir (formaður stjórnar), Indíana Auðunsdóttir (varaformaður), Gunnedís Ýr Finnbogadóttir (ritari), Hjalti Þorkelsson (gjaldkeri) og Guðni Gunnarsson (meðstjórnandi). Varastjórn samanstendur af Ólöfu Gerði Sigfúsdóttur, Bjarka Bragasyni og Karínu Hanney Marrero.